

Ed.

109. Nefndarálit

[48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar (JP, MJ og ÓB) mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (BjörnJ og KK) tjá sig frv. andviga og munu skila sérálitum.

Verðbólga og gjaldeyrisskortur hafa verið megin vandamál íslensks efnahagslífs um langt skeið. Verðbólgan hefur orsakað óeðlilega gjaldeyriseftirspurn og gjaldeyrisnotkun, en það hefur aftur leitt af sér sívaxandi skuldasöfnun erlendis. Samkvæmt upplýsingum, er fyrir liggja, er greiðslubyrði íslenzku þjóðarinnar gagnvart útlöndum nú orðin þyngri en vitað er um nokkra aðra af þjóðum heimsins, að einni eða tveimur undanskildum.

Ef halda ætti núverandi uppbótakerfi áfram, yrði annaðhvort að leggja á háa nýja skatta, sem yrðu þungbærari en þær álögur, er frv. gerir ráð fyrir, eða taka enn stórfelld erlend lán til innflutnings miður nauðsynlegs hátollavarnings. Í báðum tilfellum væri aðeins tjaldað til einnar nætur, og teljum við fullkomið ábyrgðarleysi að halda áfram á þeirri braut, þótt það væri af öðrum ástæðum fært, sem ekki er heldur að okkar álitni þar sem engin slík lán mundu fáanleg. Við teljum því ekki aðra leið færa í þessum efnunum en þá, sem í frv. felst, en hún er í því fólgin, að skráningu íslenzkrar krónu er breytt þannig, að hægt sé að afnema uppbóta- og styrkjakerfið og komast hjá áframhaldandi greiðsluhalla við útlönd. Jafnframt er í þessu frv. og öðrum, sem gert er ráð fyrir að lögð verði fyrir Alþingi á næstunni, gert ráð fyrir samræmdum aðgerðum í peningamálum, fjármálum og tryggingamálum til þess að stöðva verðbólguna og koma í veg fyrir, að sú kjaraskerðing, sem óhjákvæmileg er í bili vegna minni lánsfjárotkunar, bitni á þeim, er minnsta getu hafa til að bera hana, svo sem barnafjölskyldum og elli- og örorkustyrkþegum.

Hið nýja efnahagskerfi ætti einnig að okkar álitni að leiða til aukningar framleiðsluafkasta, er innan skamms ætti að geta bætt upp þá kjaraskerðingu, er ráðstafanirnar hafa í för með sér í bili.

Afleiðing þess að halda áfram á sömu braut og verið hefur, hlyti að okkar álitni að leiða til greiðsluþrots íslenzkra banka gagnvart útlöndum, þannig að skammt yrði að biða almenns skorts á innfluttum nauðsynjavörum og hráefnum, en slíkt mundi bráðlega hafa í för með sér tilfinnanlegt atvinnuleysi.

Við litum því svo á, að öll skynsamleg rök hnígi að því, að í þessum efnunum sé aðeins ein leið fær, sú, er í þessu frv. felst.

Alþingi, 17. febr. 1960.

Ólafur Björnsson, Jón Þorsteinsson, Magnús Jónsson.
form., frsm. fundaskr.